

**Samningur um
Evrópska efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 22/94
frá 28. október 1994**

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/326/EBE frá 13. maí 1993 um leiðbeinandi viðmiðunarreglur þegar kostnaður og gjöld í tengslum við vistmerki bandalagsins eru ákveðin⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/584/EBE frá 22. október 1993 um viðmiðunarforsendur fyrir einfölduðum verklagsreglum þegar erfðabreyttum plöntum er sleppt út í umhverfið af ásettu ráði samkvæmt 5. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/10/EB frá 21. desember 1993 um staðlað eyðublað fyrir tilkynningu um ákvörðun um að veita vistmerki bandalagsins⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbæturinn nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 129, 27. 5. 1993, bls. 23.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 279, 12. 11. 1993, bls. 42.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 7, 11. 1. 1994, bls. 17.

1. gr.

Eftirfarandi nýir liðir komi aftan við lið 2e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/517/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

- „2ea. 393 D 0326: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/326/EBE frá 13. maí 1993 um leiðbeinandi viðmiðunarreglur þegar kostnaður og gjöld í tengslum við vistmerki bandalagsins eru ákveðin (Stjtið. EB nr. L 129, 27. 5. 1993, bls. 23).
- 2eb. 394 D0010: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/10/EB frá 21. desember 1993 um staðlað eyðublað fyrir tilkynningu um ákvörðun um að veita vistmerki bandalagsins (Stjtið. EB nr. L 7, 11. 1. 1994, bls. 17).“.

2. gr.

Eftirfarandi nýr liður komi aftan við lið 25b (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/146/EBE):

- „25c. 393 D 0584: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/584/EBE frá 22. október 1993 um viðmiðunarforsendur fyrir einfölduðum verklagsreglum þegar erfðabreyttum plöntum er sleppt út í umhverfið af ásettu ráði samkvæmt 5. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE (Stjtið. EB nr. L 279, 12. 11. 1993, bls. 42).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari ákvörðun frá 1. janúar 1995.“.

3. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 93/326/EBE, ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 93/584/EBE og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/10/EBE á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1994, að því tilskildu að allar nauðsynlegar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker